


## Fornleifakönnun vegna ofanflóðavarna á Patreksfirði ofan Urðargötu, Mýrar og Hóla



Margrét Hrönn Hallmundsóttir

NV nr. 27-17  
Október 2017

|  |                   |  |
|--|-------------------|--|
|  <b>NÁTTÚRUSTOFA<br/>VESTFJARÐA</b> |                   | <b>Dagsetning mán/ár:</b> okt 2017   |
| <b>Skýrsla nr:</b><br>NV nr. 27-17   | <b>Verknúmer:</b> | <b>Dreifing:</b><br><input type="checkbox"/> <b>Opin</b><br><input type="checkbox"/> <b>Lokuð til:</b><br><input checked="" type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b> |
| <b>Heiti skýrslu:</b><br>Fornleifakönnun vegna ofanflóðavarna á Patreksfirði ofan Urðargötu, Mýrar og Hóla.          |                   | <b>Blaðsíður:</b> 13   |
| <b>Höfundur:</b> Margrét Hallmundsdóttir   |                   | <b>Upplag:</b> 8   |
| <b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét Hallmundsdóttir  |                   | <b>Fjöldi korta:</b> 1   |
| <b>Lykilorð íslensk:</b><br>Fornleifar, Patreksfjörður, Ofnaflóðavarnir  |                   | <b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b> Lokaskýrsla  |
| <b>Undirskrift verkefnastjóra:</b><br>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir  |                   | <b>Unnið fyrir:</b> VSÓ ráðgjöf  |
| <b>Lykilorð ensk:</b>  |                   | <b>Yfirfarið af:</b><br>Hulda Birna Albertsdóttir  |

## EFNISYFIRLIT

|  |    |
|--|----|
| INNGANGUR .....                        | 4  |
| 1. AÐFERÐAFRÆÐI .....                  | 4  |
| 1.1 Tilgangur fornleifaskráninga ..... | 4  |
| 2. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ .....             | 6  |
| 2.1 SAGA GEIRSEYRAR .....              | 7  |
| 2.2 SKRÁ YFIR FORNLEIFAR .....         | 8  |
| 3. NIÐURSTÖÐUR .....                   | 11 |
| Kort .....                             | 12 |
| Heimildaskrá .....                     | 13 |

## INNGANGUR

Að beiðni Auðar Magnúsdóttur hjá VSÓ Ráðgjöf gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar byggingu ofanflóðavarna ofan Mýrar, Hóla og Urðargötu á Patreksfirði vegna mats á umhverfisáhrifum. Svæðið sem um ræðir er 17 ha. Áður hafa verið gerðar fornleifakannanir á þessu svæði af Náttúrustofunni og hafa niðurstöður þeirra rannsókna birst í skýrslum stofnunar (*Margrét Hallmundsdóttir 2011a, 2013a, 2013b og Margrét Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þráinsdóttir 2011*). Því má segja að meirihluti svæðisins hafi þegar verið skráð. Var því aðeins skoðað það svæði sem ekki hafði verið rannsakað áður, frá enda núverandi ofanflóðavarna og að svæði ofan við Urðargötu 6 [sjá kort 1]. Vettvangsrannsókn fór fram 21. september 2017 og var gerð af fornleifafræðingunum Margréti Hallmundsdóttur og Guðrúnu Jónu Þráinsdóttur. Margrét sá um skýrsluskrif.

## 1. AÐFERÐAFRÆÐI

### 1.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögumum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar

og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalousu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ



Skýringar:  
000 Nr. Minja skráð 2014  
000 Nr. Minja skráð 2011

0 75 150 225 300 m

Minjar á framkvæmdasvæðum í landi  
Vatneyrar og Geirseyrar á Patreksfirði  
Mælikvarði: 1:7500 Dags: 5.6.2014 Kort 1 - Yfirlit  
Náttúrustofa Vestfjarða  
Hulda B Albertsdóttir

*Kort 1. Kortið sýnir með rauðu það svæði sem rannsakað var en svörtu línurnar marka þau svæði sem áður hafa verið skoðuð af Náttúrustofu Vestfjarða.*

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnunar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfalli er númerið **1893**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnunar <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer dæmi: *verkefnanúmer 1893-1*.

## 2.1 SAGA GEIRSEYRAR

Í jarðabók Árna og Páls segir að á Geirseyri hafi verið bænhús sem er fyrir löngu eyðilagt.<sup>1</sup> Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570<sup>2</sup>. Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatnseyri að viðurkenndum verslunarstað<sup>3</sup>.

Fram til ársins 1907 tilheyrði Patreksfjörður sveitarfélaginu Rauðasandshreppi. Það ár var kaптúnið, þ.e. Geirseyri og Vatneyri, tvær bújarðir. Verslun og útgerð var rekin bæði á Geirseyri og Vatneyri. Það var ekki fyrr en á síðustu árum 19. aldar að fólki fór að fjölga á Patreksfirði, en þó aðallega upp úr aldarmótum þegar að útgerð þaðan eflidist. Árið 1890 voru á Vatneyri 39 manns, en á Geirseyri 49, samtals 88 manns. Árið 1910 bjuggu á Patreksfirði 475 manns, 1920; 436 manns og 1930; 606 manns.

Á Patreksfirði er mjög góð höfn frá náttúrunnar hendi og sigling á fjörðinn hrein og auðveld. Veðursæld er mikil þegar til hafnar er komið. Þangað hefir því verið siglt frá landnámsöld og kaupmenn haft aðstöðu sína á Vatneyri frá því að byggð festist í nágrenni staðarins. Vitað er að á liðnum öldum hafa siglt þangað norskir, þýskir og danskir kaupmenn og stundað þar verslun. Fram til 1836 var Vatneyri einn hinna svokölluðu „autoriseruðu út- liggjarastaða“, en þá breyttist heitið í „autoriseraður höndlunarstaður“. Árið 1877 var með lögum ákveðið að reka megi verslun á Geirseyri við Patreksfjörð þannig „að Geirseyri og hinn eldri verslunarstaður, Vatneyri, séu að álitnir sem „einn verslunarstaður“ — eins og það er orðað. Eftir þetta var kaптúnið stundum kallað Eyrar af íbúum nágrennasveitanna. Einkum var sumu sveitafólki, sem fór þangað í kaupstað, tamt í munni að segja: „Eg er að fara á Eyrar“ eða „ég er að koma af Eyrum.“ Kaптúnið var þó víðast kallað Patreksfjörður og lagðist nafnið Eyrar fljótlega af.

Um síðustu aldamót 1900 voru tveir kaupmenn á Patreksfirði. Á Geirseyri sat Markús Snæbjörnsson. Hann var eigandi jarðarinnar og rak þaðan nokkra útgerð og verslun. Hann átti verslunarskip, sem var í förum til útlanda. Sagt er að hann hafi oft verið sjálfur í förum með skipi sínu.

<sup>1</sup> Árni Magnússon og Páll Víталín 1938, bls.332.

<sup>2</sup> Íslenskt fornbréfasafn 1947-50, bls 511.

<sup>3</sup> Jón J. Aðils. 1971, bls 76.

## 2.2 SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

### 1893-1

**Hlutverk:** Garðlag/Matjurtargarður ?

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A 270067 N 575756

**Staðhættir:** Um 75 metra norð-vestur af vestur enda ofanflóðavarnanna og 50 m ofan við Aðalstræti 39 er garðlag.



**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða lítinn afmarkaðan matjurtargarð en nokkuð er um

*Mynd 1. Garðurinn er gróinn að mestu en sér móta fyrir honum til vinstri á myndinni.*

þá í grýttri urð ofan við byggðina á Patreksfirði. Greinilegar eru tvær hliðar garðsins, sú niðri sem liggur þvert á urðina og vestri hlið sem þó er farin að gróa. Garðurinn er 20 m á lengd og um 1,5 m á breidd. Hæð hans er um 30 cm.

### 1893-2

**Hlutverk:** Húsgrunnur

**Tegund:** Steypt plata

**Staðsetning:** A 270056 N 575755

**Staðhættir:** Vestan við matjurtargarðinn [1893-1] er steypt plata af litlu húsi sem þar hefur staðið.

**Minjalýsing:** Steypan er greinilega gömul því að mól er í henni og var því skráð. Mögulegt er að þarna hafi staðið hús í tengslum við matjurtargarðinn. Platan er 2x3 m. Mjög ólíklegt er að grunnurinn flokkist sem fornleifar en er mögulega frá fyrrihluta 20 aldar.




*Mynd 2 Steypt plata af litlu húsi.*



**1893-3****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 269935 N 575837

**Staðhættir:** Upp í hliðinni um 120 m ofan við hornið þar sem Aðalstræti og Urðargata mætast er garðlag. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er greinilegur. Ekki er hægt að leggja mat á hvort um er að ræða landamerkjagarð eða leifar af matjurtargarði. Garðurinn liggur í nokkrum bratta.

**Minjalýsing:** Garðurinn er um 1 m að breidd og 40 m á lengd og er að mestu ógróinn.



Mynd 3. Garðurinn liggur niður brekkuna, ofan við Skjaldborg.

**1893-4****Hlutverk:** Hleðsla**Tegund:** Óþekkt/Rétt?**Staðsetning:** A 269968 N 575861

**Staðhættir:** Rétt austur af garðlagi [1893-3] er hringlaga hleðsla.

**Minjalýsing:** Nokkuð hefur verið lagt í þessa hleðslu og er hún hringlaga og veggir hennar um 1,5 m á breidd. Hleðslan er 6 m á breidd og 6.5 m á lengd. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi hleðsla hefur þjónað. Þetta gæti mögulega verið aðhald fyrir dýr þar sem op er á hleðslunni sem snýr í átt að fjalli.



Mynd 4. Hringlaga hleðsla mögulega aðhald.

**1893-5****Hlutverk:** Hleðsla**Tegund:** Óþekkt/spor eftir börn**Staðsetning:** A 269962 N 575865

**Staðhættir:** Við hliðina á hringlaga hleðslunni [1893-4] og ofan við garðlagið [1893-3] er mjög lítil hringlaga hleðsla.



Mynd 5. Lítil hringlaga hleðsla.

**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða hleðslur eftir börn sem hafa verið að leik þarna í hliðinni. Hleðslan er of lítil til að gera verið nokkuð annað. Hliðin ofan við Patreksfjörð er full að hleðslum sem eru líklega eftir börn. Hleðslan er 5x5m.

#### 1893-6

**Hlutverk:** Hleðsla

**Tegund:** Óþekkt/spor eftir börn

**Staðsetning:** A 269958 N 575861

**Staðhættir:** Við hliðina á hringlaga hleðslunni [1893-4] og ofan við garðlagið [1893-3] er mjög lítil hringlaga hleðsla.

**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða hleðslur eftir börn sem hafa verið að leik þarna í hliðinni. Hleðslan er of lítil til að gera verið nokkuð annað. Hliðin ofan við Patreksfjörð er full að hleðslum sem eru líklega eftir börn.

#### 1893-7

**Hlutverk:** Hleðsla

**Tegund:** Óþekkt

**Staðsetning:** A 269937 N 575854

**Staðhættir:** Við hlið garðlagsins [1893-3] er hringlanga hleðsla.




**Minjalýsing:** Hleðslan er úr frekar stóru grjóti. Mynd 6. Hringlaga hleðsla við hlið garðsins. Hleðslan er 5 m á breidd og 7 m á lengd að utanmáli.

### 3. NIÐURSTÖÐUR

Á því svæði sem skráð var fundust 7 minjar. Allar eru þær grjóthlaðnar og í samræmi við þær minjar sem fundist hafa í hlíðinni ofan við byggðina í fyrri rannsóknum. Hlíðin er mjög grýtt. Margir hlaðnir garðar eru um alla hlíðina og hlaðin mannvirki og margar litlar hleðslur sem virðast vera eftir börn sem hafa átt leiksvæði í hlíðinni. Heimildarmenn sem rætt var við í fyrri rannsóknum sögðu að margir hefðu átt þar lítil svæði sem þeir höfðu mikið fyrir að útbúa sem litla matjurtargarða. Líklega eru mikið af þeim görðum sem eru ofan við byggðina þeirrar gerðar. Einnig voru þar lítil hús sem fólk virðist hafa búið í. Með því að hreinsa svæðið af grjóti og gera úr þeim garða var hægt að nýta grjótið sem hreinsað var. Hefur fólk svo flutt áburð og jarðveg upp í garðana. Flest þessi mannvirki eru frá miðri 19. öld og fram á 20 öld. Það svæði sem skráð var og kemur fram í þessari skýrslu er aðeins hluti af því svæði sem liggur undir vegna framkvæmda á ofnaflóðavörnum en í fullkomnu samræmi við þær minjar sem áður hafa verið skráðar.

Þær minjar sem fundust inn á þessu svæði sem fjallarð er um í þessari skýrslu eru lítil fjárrétt, garðar og lítil mannvirki tengd leik barna. Frekari rannsóknir á þessum minjum sem eru innan svæðis eru erfiðar þar sem þær eru úr grjóti og litlar niðurstöður hægt að fá fram með frekari rannsóknum sérstaklega þar sem gjóskulög vantar til aldursgreiningar. Þessar minjar sem heild, það er, allt svæðið ofan við byggðina er hluti af sögu bæjarins, þar sem fólk ræktaði litla garða, bjó stundum og börn léku sér og er allt svæðið ofan við byggðina merkileg minja heild. Oft er erfitt að gera sér grein fyrir hvað er hlaðið af mönnum og hvað eru skriður í urðinni, en svæðið er mjög grýtt eins og áður hefur komið fram. Lagt er til að leitast verið við að merkja þær minjar sem eru ofan við byggðina á meðan framkvæmdum stendur.



**Skýringar:**

- 1-7 Fornleifar
- - Útlína framkvæmdasvæðis



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**



**Fornleifar fyrir ofan Urðagötu, Mýrar og Hóla á Patreksfirði**  
 Mælikvarði: 1:5000      Dags: 28.9.2017  
 Náttúrustofa Vestfjarða/Hulda Birna Albertsdóttir

## Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2011a. *Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20-11.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þráinsdóttir 2011. *Könnunarskurðir í landi Geirseyrar á Patreksfirði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 22-11.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013a. *Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð II*. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 2-13.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013b. *Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð III*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 19-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.. XV. 1947- 1950. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn. Jón J.Aðils. 1971. Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787. Heimskringla. Reykjavík.

## Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands Örnefnaskrá Geirseyri

Heimild út fórum heimildarmanns ljósrit úr óþekktri bók sem listar ábúendur á Patreksfirði.